Júní 2025

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn 591. fundur

Sveitarstjórn 592. fundur

Sveitarstjórn 593, fundur

Íbúafundur

íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg
fimmtudaginn 5. júní kl. 19:30

Dagskrá:

19:30 – Opnun fundar
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
19:35 – Kynning á ársreikningi Grímsnes- og Grafningshrepps árið 2024
Ólafur Gestsson, endurskoðandi sveitarfélagsins frá PWC
20:05 – Kynning á stöðu verkefna á verslunar- og þjónustulóðunum Miðtún 1-11
Eyjólfur Fannar Sigurðsson frá E.Sigurðssyni
20:25 – Kynning á viðburðum og heilsueflandi samfélagi
Óttar Guðlaugsson heilsu- og tómstundafulltrúi
20:40 – Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi
Smári Bergmann Kolbeinsson formaður framkvæmda- og veitunefndar
21:00 – Áætluð fundarlok

Ársreikningurinn er aðgengilegur hér.

Sveitarstjórn

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Ársreikningur sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps 2024

Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2024 endurspeglar stöðugan og ábyrgan rekstur sveitarfélagsins ásamt markvissri uppbyggingu.

Heildarvelta sveitarfélagsins á árinu 2024, samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta, nam 2.012,1 milljón króna og var 230,5 milljónir króna yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu samtals 1.257,1 milljón króna, sem er 24,4 milljónir króna yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A-hluta 1.766,5 milljónir króna, en áætlun gerði ráð fyrir 1.514 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 188,9 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er einnig jákvæð að fjárhæð 265,9 milljónir króna og er afkoman því 67 milljónir króna betri en áætlun gerði ráð fyrir. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum árið 2024 voru nettó 447,8 milljónir króna hjá A- og B-hluta.

Veltufé frá rekstri er ein af lykiltölunum í ársreikningi og segir til um það svigrúm sem reksturinn gefur til að standa undir framkvæmdum og afborgunum lána. Það er styrkleikamerki að veltufé frá rekstri var 391 milljón króna árið 2024, eða sem nemur 19,4% af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 95,7 milljónir króna, en var 277,9 milljónir króna árið 2023. Þetta staðfestir mikla fjárfestingu sveitarfélagsins, þá sérstaklega í innviðum vatns- og fráveitukerfa, gatnagerð og fasteignum. Framlegðarhlutfall var 19% og skuldaviðmið 34,9% hjá A- og B-hluta.

Fjárfestingar og framkvæmdir

Árið 2024 keypti Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps allt hlutafé í Orkubúinu Vaðnesi ehf. Samtímis var undirritaður samningur um leigu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps á jarðhitaréttindum Vaðnesjarðarinnar. Í kjölfar samningsins var ráðist í frekari orkuöflun á Vaðnesjörðinni í samráði við landeigendur. Þessi samningur er stórt skref fyrir áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins, en með honum bætast um 270 notendur við núverandi hitaveitukerfi sveitarfélagsins, sem telur um 530 notendur fyrir.

Þrjár tilraunaborholur eru í vinnslu, auk þess sem farið var í viðamikla lekaleit á hitaveitulögnum í Vaðnesi og Snæfoksstöðum fyrir hönd Orkubús Vaðnes ehf.

Vinna við ýmis deiliskipulög, bæði á Borg og á frístundasvæðum, er í gangi, auk þess sem deiliskipulagsvinna lóðarhafa er á lokametrunum við Miðtún 1–11, en á þeim þjónustureit er fyrirhuguð mikil uppbygging á næstu misserum.

Viðbygging við íþróttamiðstöðina og nýtt rými fyrir skrifstofur sveitarfélagsins, endurbygging Klausturhólarétta, vinna við uppbyggingu skólahúsnæðis, hönnun leikskólalóðar, virkjun borholu í Vaðnesi, strandblaksvöllur, nýjar götur og frágangur á hreinsistöð eru allt verkefni í farvatninu.

Skuldaviðmið vel undir lögbundnu 150% viðmiði

Skuldaviðmið A- og B-hluta hækkar lítillega frá fyrra ári og er 34,9%, en var 33,3% í árslok 2023. Hækkun milli ára er tilkomin vegna nýrra fjárfestinga.

Íbúafjöldi Grímsnes- og Grafningshrepps í lok árs 2023 var 539, en 613 í lok árs 2024. Íbúum hefur því fjölgað um 13,7% á árinu 2024. Stöðugildi í árslok voru 46,5.

„Rekstur Sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps styrkist á milli ára, sem endurspeglar áherslu sveitarstjórnar á traustan rekstur. Afgangur af rekstri sveitarfélagsins er 265,9 milljónir króna. Veltufé frá rekstri er 391 milljón króna, sem endurspeglar það svigrúm sem reksturinn gefur til að standa undir framkvæmdum og afborgunum lána.“

Verkefnið fram undan er að halda áfram á braut ráðdeildar í rekstri og ábyrgrar fjármálastjórnunar. Ábyrg fjármálastjórn er forsenda þess að unnt sé að veita framúrskarandi þjónustu til íbúa og fasteignaeigenda og því er verkefnið nú, sem endranær, að standa vörð um góðan rekstur, þannig að áfram sé unnt að skila ábatanum til íbúa í formi lægri skatta og bættrar þjónustu.

Áframhaldandi uppbygging

Samþykkt var á vorfundi Brunavarna Árnessýslu að undirbúa rekstur slökkvistöðvar á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi, virkilega spennandi verkefni. Sveitarfélagið stefnir á að byggja u.þ.b. 200 m² hús til leigu fyrir starfsemi Brunavarna Árnessýslu, og stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun í lok árs 2026, ef allt gengur eftir. Slökkvistöðin verður á Þinggerði 1, sem er lóð í eigu sveitarfélagsins og staðsett við Grímstorg og Sólheimaveginn.

Í sveitarfélaginu er stærsta frístundahúsabyggð landsins, en hér eru 22% allra frístundahúsa á landinu, og því ríkir almannahagsmunir að viðbragðstími hjá viðbragðsaðilum sé sem bestur, bæði fyrir íbúa og fasteignaeigendur.

„Það má því segja að okkur séu allir vegir færir á næstu árum til frekari uppbyggingar og þjónustu við íbúa og fasteignaeigendur.“

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sumarið í Grímsnes- og Grafningshreppi 2025

SKAPANDI OG SKEMMTILEGT SUMARSTARF FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn býður nemendur sína velkomna til starfa í sumar. Vinnuskólinn er útiskóli og í honum starfa unglingar á aldrinum 13–16 (2012-2009).

Vinnuskólinn er starfræktur frá 10. júní–18. júlí. Vinnutíminn er alla virka daga kl. 8:00 til kl. 14:00. Leiðbeinandi er Guðmundur Björgvin Guðmundsson.

Markmið vinnuskólans:

- Fegra og snyrta sveitina okkar
- Gefa unglingum kost á vinnu, þjálfun og fræðslu í sumarleyfi sínu
- Kenna unglingum fagleg vinnubrögð og meðferð verkfæra
- Unglingarnir læri virðingu, stundvísi og aga á vinnustað
- Unglingar læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Suðurlandsnámskeið Skákskólans

Skákskóli Íslands stendur fyrir skáknámskeiði á Borg í Grímsnesi dagana 7.- 8. júní Skáknámskeiðið er ætlað fyrir börn í 2.- 5. bekk grunnskóla.

Staðsetning:

Félagsheimilið Borg, Grímsnesi.

Skráning:

https://www.abler.io/shop/si/skakskoli

Skákskóli Íslands

Námskeiðið fer fram frá klukkan **10:00 - 12:00** og svo aftur eftir hádegishlé frá **13:00 -15:00** báða dagana, alls 8 klukkustundir.

Skráning miðast við í minnsta lagi 12 þátttakendur og í mesta lagi 18.
Skráningu verður lokað um leið og 18 hafa skráð sig.

Nánari upplýsingar veitir Gauti Páll Jónsson.

Netfang:gauti.pall.jonsson@reykjavik.is Símanúmer: 6919937

Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir eldri nemendur síðar í sumar. Nánar auglýst síðar.

Úlfljótsvatn

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA

Sumarbúðir skáta á Úlfljótsvatni

Markmið sumarbúða skáta er að börnin komist í snertingu við náttúruna, kynnist spennandi útilífsstarfi skátahreyfingarinnar, eignist félaga úr fjölbreyttum hópi og njóti sín sem einstaklingar.

Sumarbúðirnar eru viku í senn og hefjast 9.júní og standa til 15.ágúst

Sumarbúðirnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 9-11 ára og 12-14 ára Nánari upplýsingar og skráning má finna á: www.ulfljotsvatn.is/sumarbudir

UMF HVÖT 1907

Ungmennafélagið Hvöt heldur frisbígolf námskeið fyrir 7-16 ára börn og ungmenni dagana **16., 18. og 19 júní kl. 13-17.**

Námskeiðið fer fram á þremur mismunandi völlum og endar á grillveislu síðasta daginn.

Dagur 1 - Ljósifoss
Dagur 2 - Úlfljótsvatn
Dagur 3 - Yndisskógurinn á Borg

Kennari er Harpa María

Verð: 5.000kr á barn og innifalinn er einn frisbígolf diskur.

Skráning og greiðsla fer fram á Sportabler:
https://www.abler.io/shop/gogg/hvot

Nánari upplýsingar á **umfhvot@gmail.com**

UMF HVÖT 1907

Sundnámskeið 16.-27.júní í sundlauginni á Borg

Námskeiðið hentar börnum þriggja ára og eldri. Börn á leikskólaaldri þurfa að vera í fylgd fullorðinna ofan í lauginni.

Skráning fer fram á umfhvot@gmail.com

Námskeiðið kostar 15.000kr (systkinaafsláttur).

Kennari: Guðrún Ása

Sumarstarf í Árborg

Fjölbreytt framboð af námskeiðum og æfingum er í sveitafélaginu Árborg. Börnum og unglingum úr Grímsnesi– og Grafningshreppi er velkomið að sækja þau námskeið. (athugið að börn úr sveitafélaginu (Árborg) hafa forgang á viss námskeið

Upplýsingar um námskeiðin má finna á:
https://fristundamidstod.arborg.is/index.php/fristundavefur

GOLFKLÚBBUR SELFOSS

UMF SELFOSS 1936

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
vellíðan fyrir alla

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar

Stígur Flúðaskóla 3. sæti, Andri Fannar Kerhólsskóla 2. sæti og Harpa Kerhólsskóla 1. sæti

Stóra upplestrarkeppnin í skólum Árnesþings

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Árnesþingi var á Flúðum 14. maí sl. Kerhólsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni, Reykholtsskóli, Flúðaskóli, Þjórsárskóli og Flóaskóli sendu fulltrúa úr 7. bekkjum í keppnina þar sem keppt er í upplestri.

Nemendur 7. bekkjar Kerhólsskóla með Rebekku umsjónarkennara

KERHÓLSSKÓLI

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG)
NKG er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. - 7. bekk á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Undirbúningur fyrir keppnina fer fram í skólum landsins þar sem nemendur þróa verkefni frá hugmyndum til veruleika.



Tilgangur og markmið NKG.
Virkja sköpunarkraft barna í landinu.
Gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.
Efla og þroska frumkvæði þátttakenda í NKG og styrkja þannig sjálfsmynd þeirra.
Efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og vekja athygli á hugviti barna í skólum og atvinnulífi.



KERHÓLSSKÓLI

24 nýsköpunarhugmyndir komust í úrslit Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2025 en alls bárust yfir 600 hugmyndir víðs vegar að af landinu. Þeir nemendur sem komust í úrslit tóku þátt í vinnustofum þar sem þeir fengu leiðsögn frá kennurum og nemendum frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, auk þess sem JCI hélt ræðunámskeið til að undirbúa kynningu á hugmyndunum.

Nemendur Kerhólsskóla áttu tvær hugmyndir í úrslitunum.
Harpa Jakobsdóttir og Helgi Valur Jónsson komust í úrslit með Incredabúr sem er ferðabúr fyrir hunda sem eykur öryggi þeirra í bílum í tilfelli bílveltna og ofhitnunar.
.



Harpa Jakobsdóttir og Helgi ValurJónsson hlutu tæknibikar Pauls Jóhannssonar með hugmynd sína Incredabúr.

Tinna Sif Þorkelsdóttir og Þórhildur Salka Jónsdóttir komust í úrslit með kafbátinn Trolla sem er hannaður til að týna upp fjölbreytt rusl af hafsbotni.



KERHÓLSSKÓLI

Skólahreysti

Skólahreystislið Bláskógaskóla og Kerhólsskóla
Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Keppt er í upphífingum, dýfum, armbeygjum, hreystigreipi og hraðaþraut.

Kerhólsskóli og Bláskógaskóli kepptu í Skólahreysti með sameiginlegt lið eins og í fyrra.
Frá Kerhólsskóla voru þau Hrafnhildur Sigurðardóttir og Cheikh Abdou Kadre Diop í hraðaþraut og Kjartan Guðjónsson Bäcker í upphífingum og dýfum. Frá Bláskógaskóla voru Freydís í armbeygjum og hreystigreypi og Lovísa og Kári varamenn fyrir liðið.

Keppendur stóðu sig mjög vel, að keppni lokinni fóru nemendur unglingadeildar í báðum skólunum og borðuðu pítsur saman.

KERHÓLSSKÓLI
gleði - jákvæðni - virðing

Börnin í 1.-4. bekk eru ekki bara að hugsa um náttúruna þau eru einnig að hugsa um samfélagið og smáfuglana.
Á vordögum fengu þau þá snilldarhugmynd að mála steina til að fegra umhverfið og gleðja gesti og gangandi. Síðan smíðuðu þau tvö fuglahús, svo smáfuglarnir í skóginum hefðu skjól og gætu vonandi nýtt þessi hýsi til þess að ala upp ungana sína. Einhverjir höfðu áhyggjur af því að ungarnir fengju flís í rassinn þannig að húsin eru teppalögð að innan.

Þessar myndir sýna þegar við erum að vinna að verkefninu

FUGLAKOT
VELKOMIN

KERHÓLSSKÓLI

Sara Arnbjörnsdóttir
Umsjónarkennari yngsta stig

SUNDNÁMSKEIÐ

HVENÆR: 16.-27. JÚNÍ KL. 10.15
SUNDLAUGIN Á BORG

Námskeiðið er haldið á morgnanna og fjöldi hópa fer eftir fjölda skráninga.

Námskeiðið hentar börnum þriggja ára og eldri. Börn á leikskólaaldri þurfa að vera í fylgd fullorðinna ofan í lauginni.

Skráning fer fram á umfhvot@gmail.com
Námskeiðið kostar 15.000kr
(systkinaafsláttur).

Kennari: Guðrún Ása

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn býður nemendur sína velkomna til starfa í sumar. Vinnuskólinn er útiskóli og í honum starfa unglingar á aldrinum 13—16 (2012-2009).

Vinnuskólinn er starfræktur frá 10. júní—18. júlí.
Vinnutíminn er alla virka daga kl. 8:00 til kl. 14:00.
Leiðbeinandi er Guðmundur Björgvin Guðmundsson.

Markmið vinnuskólans:

- Fegra og snyrta sveitina okkar
- Gefa unglingum kost á vinnu, þjálfun og fræðslu í sumarleyfi sínu
- Kenna unglingum fagleg vinnubrögð og meðferð verkfæra
- Unglingarnir læri virðingu, stundvísi og aga á vinnustað
- Unglingar læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu

Frisbígolfnámskeið

Ungmennafélagið Hvöt heldur frísbígolf námskeið fyrir 7-16 ára börn og ungmenni dagana 16., 18. og 19. júní kl. 13-17.
Námskeiðið fer fram á þremur mismunandi völlum og endar á grillveislu síðasta daginn.

Dagur 1 - Ljósifoss
Dagur 2 - Úlfljótsvatn
Dagur 3 - Yndisskógurinn á Borg

Mikilvægt að koma klædd eftir veðri og með smá nesti.

Kennari er Harpa María

Verð: 5000kr á barn og innifalinn er einn frisbígolf diskur.

Skráning og greiðsla fer fram á Sportabler:
https://www.abler.io/shop/gogg/hvot

Nánari upplýsingar á umfhvot@gmail.com

FÉLAG 60+

GÖNGUFERÐ Á SÓLHEIMUM

ÞRIÐJUDAGINN 10. JÚNÍ
KL. 13:00

Valgeir F. Backman verður
með leiðsögn um Sólheima

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU

ALLA VIRKA DAGA

11:00 - 16:00

HELGAR OG HELGIDAGA

11:00 - 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki

Nú er árið 2025 gengið í garð og komið að því að bóka niður verkefni fyrir komandi vor og sumar í Grímsnesi og nærliggjandi svæðum.

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Lagnaskurðir
- Fleygun
- Drenlagnir
- Niðursetning rotþróa
- Göngustígagerð
- Almenn lóðavinna
- Girðingavinna
- Bíla og tækjaflutningar
- Og margt fleira
- Til verkefna höfum við eftirfarandi tækjabúnað.
- Gröfur frá lítilli 2,8 tonna beltavél upp í 35 tonn
- Fleygar á 2,8 - 8,5 og 25 tonna vélar
- Vörubíla og dráttarvél til efnisflutninga
- Vélhjólbörur
- Jarðvegstætara á dráttarvél fyrir þýft land
- Jarðvegsþjöppur
- Hæðarlaser
- Vatnsdælu
- Keðjusög
- Steinsög, brotvélar og ýmis önnur verkfæri.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á johannes@jthverk.is

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

17. júní	Fjallkonan og kaffihlaðborð
júní/júlí	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
júní/júlí	Samverustund í Alviðru
ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skiptimarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur

1919 Kvenfélag Grímsneshrepps

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Bókasafn / Library
Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar í júní/
Opening hours in june:

Mánudag / Monday 2. júní	Kl. 15:00 - 16:30
Þriðjudag/ Tuesday 3. júní	Kl. 15:00 - 16:30
Miðvikudag/ Wednesday 4. júní	Kl. 15:00 - 16:30
Þriðjudag/ Tuesday 10. júní	Kl. 15:00 - 16:30

Kvöldopnun / Evening hours:

Fimmtudagur/Thursday	5. júní kl. 19:30 - 21:30	Kvöldopnun
Þriðjud./ Tuesday	10. júní kl. 19:30 - 21:30	Handverkskv.

Ath. að lokað er í júlí og opnunartímar ágústmánaðar verða auglýstir í Hvatarblaðinu í byrjun ágúst.

Öll velkomin :)

Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2025

Tónleikar hefjast klukkan **14:00** og eru í **Sólheimakirkju.**
Ef aðstæður og veður leyfir gætu þeir verið á **Pétursorgi.**

Græna kannan / Íþróttaleikhúsið

7. júní - kl. 14:00

Sólheimastjörnur

Hópurinn samanstendur af íbúum og starfsfólki Sólheima

Sólheimakirkja

19. júlí - kl. 14:00

Beggi Sóldögg





Sólheimakirkja

14. júní - kl. 14:00

Eyjólfur Kristjáns

Sólheimakirkja

26. júlí - kl. 14:00

Örn Árna og Jónas Þórir

Léttir sprettir



Sólheimakirkja

21. júní - kl. 14:00

Jónas Sig

Sólheimakirkja

2. ágúst - kl. 14:00

Björn Thoroddsen og Jónas Þórir

Bítlar í bland við íslensk lög



Sólheimakirkja

28. júní - kl. 14.00

Ragga Gröndal og Gummi

Sólheimakirkja

9. ágúst - kl. 14:00

Af fingrum fram



Íþróttaleikhús

5. júlí - kl. 14:00

Þar sem sólin á heima

Hátíðarsýning í tilefni af 95 ára afmæli Sólheima

Leikfélag Sólheima og gestir, Björgvin Franz og Diddú

Sólheimakirkja

16. ágúst - kl. 14:00

Sigga og Grétar

Í léttri sveiflu

Sólheimakirkja

12. júlí - kl. 14.00

Friðrik Dór

Sólheimakirkja

23. ágúst - kl. 14:00

KK

Á rólegum nótum



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg

sumaropnun

1. júní 2025 -18. ágúst 2025

Mánudaga - fimmtudaga kl. 10:00 - 21:30

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/